

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/723 2023/EES/62/13**frá 4. mars 2020****um ítarlegar reglur að því er varðar viðurkenningu á vottun flugmanna í þriðja landi og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 frá 4. júlí 2018 um sameiginlegar reglur um almenningsflug og um stofnun Flugöryggisstofnunar Evrópusambandsins og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2111/2005, (EB) nr. 1008/2008, (ESB) nr. 996/2010, (ESB) nr. 376/2014 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2014/30/ESB og 2014/53/ESB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 og (EB) nr. 216/2008 og reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 68. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með samþykkt reglugerðar (ESB) 2018/1139, einkum 68. gr. hennar, hefur framkvæmdastjórnin nú umboð til að samþykkja framseldar gerðir um viðurkenningu á vottorðum/skírteinum/starfsleyfum og öðrum skjölum sem staðfesta samræmi við reglur í almenningsflugi, sem eru gefin út í samræmi við lög þriðja lands, og samtímis tryggja öryggisstig sem jafngildir því sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2018/1139.
- 2) Meginmarkmið þessarar reglugerðar er að aðlaga núverandi lagaramma að reglugerð (ESB) 2018/1139 og því ætti að færa efni 8. gr., III. viðauka og tengdra ákvæða reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 ⁽²⁾ um viðurkenningu á vottorðum frá þriðja landi yfir í framselda gerð. Enn fremur ættu þessi ákvæði nú einnig að fela í sér reglur um viðurkenningu á vottorðum frá þriðja landi fyrir svifflugur og loftbelgi.
- 3) Í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eru talin upp skilyrði fyrir viðurkenningu á skírteinum frá þriðju löndum. Sem stendur getur aðildarríki viðurkennt flugmannsskírteini, sem gefið er út af þriðja landi, eða handhafi slíks skírteinis frá þriðja landi fengið það metið þegar hann sækir um skírteini í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011. Sem sakir standa er slíkt mat ákvarðað á grundvelli meðmæla frá samþykktu þjálfunarfyrtæki.
- 4) Reglurnar, sem gilda um þjálfunarfyrtæki sem veita þjálfun vegna tiltekinna annarra flugmannsskírteina en atvinnuflugmannsskírteina og áritana, hafa verið einfaldaðar og komið hefur verið á fót yfirlýstu þjálfunarfyrtæki (DTO) samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1119 ⁽³⁾. Því ætti að uppfæra reglurnar varðandi viðurkenningu á skírteinum frá þriðju löndum til að yfirlýst þjálfunarfyrtæki geti veitt handhöfum slíkra skírteina, sem sækja um skírteini sem gefið er út samkvæmt lagaramma Sambandsins, viðurkenningu.
- 5) Því ætti að fella brott 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011, sem og III. viðauka við þá reglugerð, sem innihalda sem stendur kröfur um viðurkenningu á skírteinum frá þriðju löndum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 170, 2.6.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 115/2023 frá 28. apríl 2023 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 212, 22.8.2018, bls. 1.

(2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1178/2011 frá 3. nóvember 2011 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða áhöfn í almenningsflugi samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 311, 25.11.2011, bls. 1).

(3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1119 frá 31. júlí 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 að því er varðar yfirlýst þjálfunarfyrtæki (Stjtið. ESB L 204, 13.8.2018, bls. 13).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. ÞÁTTUR

ALMENN ÁKVÆÐI

1. gr.

Gildissvið

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ítarlegar reglur um skilyrði fyrir viðurkenningu á flugmannsskírteinum og tengdum áritunum, réttindum eða vottorðum, sem og tengdum heilbrigðisvottorðum sem gefin eru út í samræmi við lög þriðju landa.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari reglugerð gilda skilgreiningarnar í reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 ⁽⁴⁾ og framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 ⁽⁵⁾.
2. Að því er varðar þessa reglugerð merkir hugtakið „flug fyrir framleiðendur“ þau flug sem um getur í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 ⁽⁶⁾.

3. gr.

Viðurkenning á skírteinum frá þriðju löndum

Með fyrirvara um alþjóðasamninga milli Sambandsins og þriðja lands, í samræmi við a-lið 1. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) 2018/1139, er aðildarríkjum heimilt:

- a) í samræmi við 2. þátt þessarar reglugerðar, að viðurkenna flugmannsskírteini og tengdar áritanir, réttindi eða vottorð, sem og tengd heilbrigðisvottorð sem gefin eru út í samræmi við lög þriðju landa,
- b) í samræmi við 3. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1178/2011, 3. gr. a reglugerðar (ESB) 2018/395 eða 3. gr. a reglugerðar (ESB) 2018/1976, eftir því sem við á, að gefa út jafngild skírteini til umsækjenda sem eru þegar handhafar jafngilds skírteinis, áritunar, réttinda eða vottorðs, sem gefið er út af þriðja landi í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn um alþjóðlegt almenningsflug, sem undirritaður var 7. desember 1944 í Chicago („Chicago-samninginn“), að því tilskildu að þessir umsækjendur uppfylli kröfurnar í 3. þætti og að teknu tilliti til viðurkenningar sem byggist á meðmælum frá samþykktu þjálfunarfyrtæki eða yfirlýstu þjálfunarfyrtæki,
- c) að veita handhöfum atvinnuflugmannsskírteinis 1. flokks (ATPL-skírteinis), sem gefið er út af þriðja landi eða fyrir hönd þess í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, fulla viðurkenningu að því er varðar kröfurnar um að gangast undir þjálfunarnámskeið áður en próf í bóklegri þekkingu og færnipróf er tekið, að því tilskildu að þessir handhafar uppfylli kröfurnar um reynslu vegna útgáfu ATPL-skírteinis fyrir viðeigandi gerð loftfara, eins og sett er fram í F-kafla í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, og að því tilskildu að í skírteininu sé gild tegundaráritun fyrir loftfarið sem nota á við færniprófið til ATPL-skírteinis,
- d) að gefa út tegundaráritanir fyrir flugvélar eða þylur til handhafa skírteina, sem gefin eru út í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 og uppfylla kröfurnar sem þriðja land setur fyrir útgáfu slíkra áritana, og skulu þessar áritanir vera takmarkaðar við loftför sem skráð eru í því þriðja landi, en fella má þessa takmörkun niður þegar flugmaðurinn uppfyllir kröfurnar í 10. gr. þessarar reglugerðar.

⁽⁴⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/395 frá 13. mars 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu loftbelgja samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 71, 14.3.2018, bls. 10).

⁽⁵⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1976 frá 14. desember 2018 um ítarlegar reglur um starfrækslu sviffugna samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1139 (Stjtið. ESB L 326, 20.12.2018, bls. 64).

⁽⁶⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 965/2012 frá 5. október 2012 um tæknilegar kröfur og stjórnsýslumeðferðir er varða flugrekstur samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 (Stjtið. ESB L 296, 25.10.2012, bls. 1).

2. ÞÁTTUR

FULLGILDING SKÍRTEINA

4. gr.

Almenn ákvæði fyrir fullgildingu skírteina

1. Lögbært yfirvald aðildarríkis má fullgilda flugmannsskírteini sem þriðja land gefur út í samræmi við kröfur 1. viðauka Chicago-samningsins.
2. Að því er varðar þau ákvæði sem sett eru fram í þessari reglugerð skal lögbært yfirvald aðildarríkisins vera eftirfarandi:
 - a) fyrir flugmenn sem hafa fasta búsetu innan yfirráðasvæðis Sambandsins - lögbært yfirvald í því aðildarríki þar sem flugmaður hefur fasta búsetu eða er með staðfestu,
 - b) fyrir flugmenn sem hafa ekki fasta búsetu á yfirráðasvæði aðildarríkis - lögbært yfirvald í því aðildarríki þar sem flugrekandinn, sem þeir fljúga fyrir eða hafa í hyggju að fljúga fyrir, hefur höfuðstöðvar sínar eða þar sem loftfarið, sem þeir fljúga eða hafa í hyggju að fljúga, er skráð.
3. Fullgilding skírteinis skal að hámarki gilda í eitt ár og aðeins má neyta réttinda þess svo lengi sem skírteinið er í gildi.

Lögbæra yfirvaldið sem fullgilti skírteinið má aðeins framlengja gildistímann einu sinni og aðeins að hámarki eitt ár að því tilskildu að flugmaðurinn hafi á gildistímanum sótt um skírteini í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 eða hafið hjálfun vegna útgáfu sliks skírteinis. Í síðarnefnda tilvikinu skal framlengingin gilda þann tíma sem þarf til að gefa skírteinið út í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

4. Handhafar skírteinis, sem fullgilt er af aðildarríki, skulu neyta réttinda sinna í samræmi við kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011.

5. gr.

Flugmannsskírteini fyrir flutningaflug og aðra atvinnustarfsemi

Fyrir fullgildingu flugmannsskírteina fyrir flutningaflug og aðra atvinnustarfsemi skulu handhafar uppfylla eftirfarandi kröfur, eftir því sem við á, fyrir þau réttindi sem sótt er um:

- a) uppfylla, með færniþrófi, kröfurnar í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 um framlengingu tegundar- eða flokksárítunar sem skipta máli fyrir réttindi skírteinisins sem hann hefur undir höndum,
- b) sýna fram á þekkingu í viðeigandi hlutum flugrekstrarkrafna og I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,
- c) sýna fram á tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,
- d) hafa gilt 1. flokks heilbrigðisvottorð, sem gefið er út í samræmi við IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,
- e) ef um er að ræða flugvélar, til viðbótar við kröfurnar í a- til d-lið, uppfylla kröfurnar um reynslu sem settar eru fram í töflu 1 í viðaukanum við þessa reglugerð,
- f) ef um er að ræða þyrflur, til viðbótar við kröfurnar í a- til d-lið, uppfylla kröfurnar um reynslu sem settar er fram í töflu 2 í viðaukanum við þessa reglugerð.

6. gr.

Flugmannsskírteini fyrir flug sem ekki er í ábataskyni með blindflugsáritun

Hvað varðar fullgildingu einkaflugmannsskírteina eða atvinnuflugmannsskírteina (CPL-skírteina) og ATPL-skírteina með blindflugsáritun þar sem flugmaðurinn ætlar einungis að neyta réttinda einkaflugmanns skulu handhafarnir uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

- a) standast færniþrófið fyrir blindflugsáritun og þær tegundar- eða flokksáritanir sem eiga við réttindi þess skírteinis sem hann hefur undir höndum, í samræmi við 7. og 9. viðbæti við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,

- b) sýna fram á þekkingu á lögum og reglum um loftferðir, flugveðurkóðum, áætlanagerð og afkastagetu (blindflugsáritun) og mannlegri getu,
- c) sýna fram á tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,
- d) hafa a.m.k. gilt 2. flokks heilbrigðisvottorð, sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,
- e) hafa lágmarksreynslu sem nemur a.m.k. 100 blindflugstímum sem flugstjóri á viðkomandi gerð loftfars.

7. gr.

Flugmannsskírteini fyrir flug sem ekki er í ábataskyni án blindflugsáritunar

Hvað varðar fullgildingu einkaflugmannsskírteina, CPL-skírteina eða ATPL-skírteina án blindflugsáritunar þar sem flugmaðurinn ætlar einungis að neyta réttinda einkaflugmanns skulu handhafarnir uppfylla allar eftirfarandi kröfur:

- a) sýna fram á þekkingu á lögum og reglum um loftferðir og mannlegri getu,
- b) standast færniþrófið fyrir einkaflugmannsskírteini (PPL-skírteini) í samræmi við lið FCL.235 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,
- c) uppfylla viðeigandi kröfur í H-kafla í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 vegna útgáfu tegundar- eða flokksáritunar sem á við réttindi þess skírteinis sem viðkomandi hefur,
- d) hafa a.m.k. 2. flokks heilbrigðisvottorð sem gefið er út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,
- e) sýna fram á tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,
- f) hafa lágmarksreynslu sem nemur a.m.k. 100 tímum sem flugmaður á viðkomandi gerð loftfars.

8. gr.

Fullgilding flugmannsskírteina fyrir sérstök tímabundin verkefni

1. Þrátt fyrir ákvæði greinanna hér að framan er lögbæru yfirvaldi aðildarríkis heimilt, í tengslum við flug fyrir framleiðendur, að viðurkenna skírteini, sem þriðja land gefur út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins, að hámarki í 12 mánuði fyrir sérstök tímabundin verkefni, t.d. kennsluflug áður en loftfar er tekið fyrst í notkun, sýningarflug, ferjuflug eða reynsluflug, að því tilskildu að umsækjandinn uppfylli eftirfarandi kröfur:

- a) er handhafi viðeigandi skírteinis, heilbrigðisvottorðs og tengdra áritana eða starfsréttinda sem gefin eru út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,
- b) starfar beint eða óbeint hjá framleiðanda loftfara eða flugmálayfirvöldum.

Í því tilviki skal lögbæra yfirvaldið takmarka réttindi handhafa við flugkennslu og -prófanir fyrir fyrstu útgáfu tegundaráritana, eftirlit með fyrsta leiðarflugi flugmanna flugrekandans, afhendingar- eða ferjuflugi, fyrsta leiðarflugi, sýningarflugi eða reynsluflugi, eftir því sem við á fyrir þau verkefni sem fyrirséð eru samkvæmt þessari grein.

2. Þrátt fyrir 4.-7. gr. er lögbæru yfirvaldi aðildarríkis heimilt að fullgilda skírteini sem er gefið út af þriðja landi, að því er varðar keppnisflug eða flugsýningar sem standa tímabundið, sem heimilar handhafa að neyta réttinda PPL-skírteinis, eins og tilgreint er í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, flugmannsskírteinis fyrir loftbelgi (BPL-skírteinis), eins og tilgreint er í III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395, eða skírteinis sviffflugmanns (SPL-skírteinis), eins og tilgreint er í III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976, að því tilskildu að allar eftirfarandi kröfur séu uppfylltar:

- a) að skipuleggjandi keppnisflugs eða sýningarflugs veiti lögbæra yfirvaldinu fullnægjandi sönnun fyrir því hvernig viðkomandi muni tryggja að flugmanninum verði kynntar viðeigandi öryggisupplýsingar og hvernig eigi að stjórna áhættu, sem tengist fluginu áður en atburðurinn á sér stað,
- b) að umsækjandi sé handhafi viðeigandi skírteinis og heilbrigðisvottorðs sem og tengdra áritana eða starfsréttinda sem gefin eru út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins.

3. Þrátt fyrir 4.-7. gr. er lögbæru yfirvaldi aðildarríkis heimilt að fullgilda skírteini, sem jafngildir einu af þeim skírteinum sem um getur í 2. mgr. og sem gefið er út af þriðja landi í samræmi við 1. viðauka við Chicago-samninginn, í hámark 28 daga á almanaksári vegna sérstakra verkefna, sem ekki eru í ábataskyni, að því tilskildu að umsækjandinn uppfylli allar eftirfarandi kröfur:

- a) er handhafi viðeigandi skírteinis, heilbrigðisvottorðs og tengdra áritana eða starfsréttinda sem gefin eru út í samræmi við 1. viðauka Chicago-samningsins,
- b) hafi lokið a.m.k. einu æfingarflugi með viðurkenndum kennara áður en hin sérstöku tímabundnu verkefni eru framkvæmd.

3. ÞÁTTUR

BREYTING SKÍRTEINA

9. gr.

Skilyrði fyrir breytingu skírteina

1. Lögbæru yfirvaldi aðildarríkis er heimilt að breyta skírteini fyrir viðeigandi gerð loftfars í PPL-skírteini í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 með flokks- eða tegundaráritun fyrir einstjórnarloftfar, BPL-skírteini í samræmi við III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 2018/395 eða SPL-skírteinis í samræmi við III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976, ef upprunalega skírteinið var gefið út af þriðja landi í samræmi við kröfurnar í 1. viðauka við Chicago-samninginn og skírteinið er annaðhvort:

- a) skírteini sem er jafngilt þeim skírteinum sem um getur í 1. mgr. eða
- b) CPL- eða ATPL-skírteini.

2. Handhafi skírteinisins, sem breyta á, skal uppfylla eftirtaldar lágmarkskröfur fyrir viðkomandi gerð loftfars:

- a) standast skriflegt próf í lögum og reglum um loftferðir og mannlegri getu,
- b) standast færniþróf til PPL-/BPL-/SPL-skírteinis, eins og við á, í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, III. viðauka (BFCL-hluta) við reglugerð (ESB) 2018/395 eða III. viðauka (SFCL-hluta) við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1976,
- c) uppfylla kröfurnar fyrir útgáfu viðkomandi flokks- eða tegundaráritunar í samræmi við H-kafla,
- d) hafa heilbrigðisvottorð sem krafist er og sem gefið er út í samræmi við IV. viðauka (MED-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,
- e) sýna fram á tungumálakunnáttu í samræmi við FCL.055 í I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011,
- f) hafa lokið a.m.k. 100 fartímum sem flugmaður.

4. ÞÁTTUR

VIÐURKENNING FLOKKS- OG TEGUNDRÁRITANA

10. gr.

Skilyrði fyrir viðurkenningu flokks- og tegundaráritana

Bæta má gildri flokks- eða tegundaráritun, sem skráð er í skírteini sem þriðja land gefur út, við í skírteini sem gefið er út í samræmi við I. viðauka (FCL-hluta) við reglugerð (ESB) nr. 1178/2011, að því tilskildu að umsækjandinn:

- a) uppfylli kröfurnar um reynslu og forsendurnar fyrir útgáfu viðkomandi tegundar- eða flokksáritunar í samræmi við FCL-hluta,
- b) standist viðeigandi færniþróf fyrir útgáfu viðkomandi tegundar- eða flokksáritunar í samræmi við FCL-hluta,

- c) fljúgi stöðugt.
- d) hafi ekki minna en:
 - i. fyrir flugvélaflokksáritun: 100 tíma flugreynslu sem flugmaður í þeim flokki,
 - ii. fyrir tegundaráritunir fyrir flugvélar: 500 tíma flugreynslu sem flugmaður á þeirri tegund,
 - iii. fyrir eins hreyfils þyrlur með hámarksflugtaksmassa allt að 3175 kg: 100 tíma flugreynslu sem flugmaður á þeirri tegund,
 - iv. fyrir allar aðrar þyrlutegundir: 350 tíma flugreynslu sem flugmaður á þeirri tegund.

11. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1178/2011

Reglugerð (ESB) nr. 1178/2011 er breytt sem hér segir:

- a) Ákvæði 8. gr. falla brott.
- b) Ákvæði III. viðauka falla brott.

12. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. mars 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Skilyrði fyrir viðurkenningu skírteina sem gefin eru út af þriðju löndum eða fyrir hönd þeirra

Tafla 1

Kröfur um reynslu að því er varðar flugvélar

Skírteini	Heildarfjöldi fartíma	Réttindi	
1)	2)	3)	
ATPL(A)	> 1 500 tímar sem flugstjóri á fjölstjórnarflugvélum	Flutningaflug sem flugstjóri á fjölstjórnarflugvélum	a)
ATPL(A) eða CPL(A)/IR (*)	> 1 500 tímar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarflugvélum samkvæmt flugrekstrarkröfum	Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarflugvélum	b)
MPL	> 1 500 tímar sem aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarflugvélum samkvæmt flugrekstrarkröfum	Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarflugvélum	ba)
CPL(A)/IR	> 1 000 tímar sem flugstjóri í flutningaflugi eftir öflun blindflugsáritunar	Flutningaflug sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum	c)
CPL(A)/IR	> 1 000 tímar sem flugstjóri eða aðstoðarflugmaður á einstjórnarflugvélum samkvæmt flugrekstrarkröfum	Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður á einstjórnarflugvélum samkvæmt flugrekstrarkröfum	d)
ATPL(A), CPL(A)/IR, CPL(A)	> 700 tímar á flugvélum, þ.m.t. 200 tímar í því starfi sem sótt er um viðurkenningu fyrir og 50 tímar í því starfi á síðustu 12 mánuðum	Réttinda neytt í flugvélum í öðru flugi en flutningaflugi	e)
CPL(A)	> 1 500 tímar sem flugstjóri í flutningaflugi, þ.m.t. 500 tímar í starfrækslu sjóflugvéla	Flutningaflug sem flugstjóri á einstjórnarflugvélum	f)

(*) Handhafar CPL(A)/IR-skírteina fyrir fjölstjórnarflugvélar skulu hafa sýnt fram á þekkingu á viðeigandi stigi fyrir ATPL(A)-skírteini samkvæmt Alþjóðaflugmálastofnuninni áður en þeir eru viðurkenndir.

Tafla 2

Kröfur um reynslu að því er varðar þryllur

Skírteini	Heildarfjöldi fartíma	Réttindi	
1)	2)	3)	
ATPL(H) með gilda blindflugsáritun	> 1 000 tímar sem flugstjóri á fjölstjórnarþryllum	Flutningaflug sem flugstjóri á fjölstjórnarþryllum í sjón- og blindflugi	a)
ATPL(H) án blindflugsréttinda	> 1 000 tímar sem flugstjóri á fjölstjórnarþryllum	Flutningaflug sem flugstjóri á fjölstjórnarþryllum í sjónflugi	b)
ATPL(H) með gilda blindflugsáritun	> 1 000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþryllu	Flutningaflug á fjölstjórnarþryllum sem aðstoðarflugmaður í sjón- og blindflugi	c)

Skírteini	Heildarfjöldi fartíma	Réttindi	
1)	2)	3)	
ATPL(H) án blindflugsréttinda	> 1 000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu	Flutningaflug á fjölstjórnarþyrlum sem aðstoðarflugmaður í sjónflugi	d)
CPL(H)/IR (*)	> 1 000 tímar sem flugmaður á fjölstjórnarþyrlu	Flutningaflug sem aðstoðarflugmaður á fjölstjórnarþyrlum	e)
CPL(H)/IR	> 1 000 tímar sem flugstjóri í flutningaflugi eftir öflun blindflugsáritunar	Flugstjóri í flutningaflugi á einstjórnarþyrlum	f)
ATPL(H) með eða án blindflugsréttinda, CPL(H)/IR, CPL(H)	> 700 tímar á þyrlum, öðrum en þeim sem skráðar eru samkvæmt CS-27/29, þ.m.t. 200 tímar í því starfi sem sótt er um fullgildingu fyrir og 50 tímar í því starfi á síðustu 12 mánuðum	Réttinda neytt í þyrlum í öðru flugi en flutningaflugi	g)

(*) Handhafar atvinnuflugmannsskírteinis með blindflugsáritun (CPL(H)/IR) fyrir fjölstjórnarþyrlur skulu hafa sýnt fram á þekkingu á viðeigandi stigi fyrir ATPL(H)-skírteini samkvæmt Alþjóðaflugmálastofnuninni áður en þeir eru viðurkenndir.